

Nd.

### 13. Frumvarp til laga

[13. mál]

um breyting á lögum nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

#### 1. gr.

12. gr. orðist svo:

Á árunum 1967—1972 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt (umferðarbreytingargjald) af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240.00 kr. árið 1967, en 360.00 kr. árin 1968—1972 hvert ár.
- b. Af öðrum bifreiðum: 420.00 kr. árið 1967, en 660.00 kr. árin 1968—1972 hvert ár. Skatti þessum skal varið til að greiða kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, svo og kostnað vegna starfsemi Umferðarmálaráðs.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í greinargerð umferðarlaganefndar, dags. 8. nóvember 1965, sem fylgdi frumvarpi til laga um hægri handar umferð, var gert ráð fyrir því, að kostnaður vegna umferðarbreytingarinnar yrði 49.4 millj. kr. miðað við þáverandi verðlag.

Til að standa undir kostnaði þessum var ákveðið að leggja á bifreiðir sérstakan skatt, sem greiddur skyldi á árunum 1967—1970. Var bifreiðum skipt í tvo flokka. Annars vegar voru fólksbifreiðir fyrir 8 farþega eða færri og var gjald af þeim 240.00 kr. árið 1967, 360.00 kr. árin 1968 og 1969 og 180.00 kr. árið 1970. Hins vegar voru aðrar bifreiðir, og var gjald af þeim 420.00 kr. árið 1967, 660.00 kr. árin 1968 og 1969 og 300.00 kr. árið 1970. Miðað við áætlun Efnahagsstofnunar um bifreiðafjölda í lok hvers árs var gert ráð fyrir því, að tekjur af skatti þessum yrðu 56 millj. kr., en þá var ekki tekið tillit til lækkunar eða endurgreiðslu skatts vegna innilegu skráningarmerkja.

Gert er nú ráð fyrir því, að heildarkostnaður vegna umferðarbreytingarinnar verði nálægt 71 millj. kr. Helztu ástæður þess, að kostnaðurinn varð þetta meiri en gert var ráð fyrir 1965, eru eftirfarandi: Framkvæmdanefnd hægri umferðar var heimilað að verja allt að 10 millj. kr. til fræðslu- og upplýsingastarfsemi, sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Kostnaðarauki vegna gengisbreytinga er áætlaður nær 3 millj. kr. Bótagreiðslur vegna breytinga á sérleyfisbifreiðum utan þéttbýlis urðu meiri en áætlað hafði verið, og var sá kostnaðarauki áætlaður rúmlega 5 millj. kr. Auk þess varð kostnaður við breytingar á vega- og gatnakerfinu nokkru hærri en áætlað var og svo skrifstofu- og undirbúningskostnaður ýmis. Kostnaður vegna breytinga á strætisvögnum varð hins vegar talsvert lægri en áætlað hafði verið.

Til þess að standa undir heildar kostnaði við umferðarbreytinguna er með frumvarpi þessu lagt til, að umferðarbreytingargjaldið verði framlengt óbreytt eins og það hefur verið 1968 og 1969, og verði það innheimt til ársins 1972. Miðað við núverandi áætlun Efnahagsstofnunar um bifreiðafjölda og áætlaða endurgreiðslu skattsins er gert ráð fyrir því, að skatturinn verði alls um 88 millj. kr. Með frumvarpinu er jafnframt lagt til, að fé því, sem innheimtist með skatti þessum, verði varið til greiðslu kostnaðar vegna starfsemi Umferðarmálaráðs, sem sett var á fót með reglugerð 24. janúar síðast liðinn, um leið og framkvæmdanefnd hægri umferðar lét af störfum. Á vissan hátt má því segja, að Umferðarmálaráð taki við veigamiklum þætti framkvæmdanefndar hægri umferðar á sviði fræðslu og upplýsinga í umferðarmálum, og með öllu óverjandi að láta hann niður falla eða draga úr þeirri starfsemi, svo góða raun, sem hún hafði gefið.